# VETRAR HÁTÍÐ

7.–10. FEBRÚAR '19

# Vetrarhátíð 2019

- Vetrahátíð hefst fimmtudaginn 7. febrúar og stendur til sunnudagsins 10. febrúar og er í ár haldin í 18. sinn.
- Markmið hátíðarinnar er að lífga upp á borgarlífið á dimmustu vetrarmánuðunum með því að tengja saman ólíka menningarlega þætti sem allir tengjast þema hátíðarinnar, ljósi og myrkri.
- Dagskráin samanstendur af viðburðum sem tengjast menningu og listum.
- Sameinar öll 6 sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu og nær til um 40 þúsund gesta.



# Vetrarhátíð 2019

Vetrarhátíð samanstendur af 3 megin þáttum:

- *Safnanótt*
- *Sundlauganótt*
- *Ljósainnsetningum*

# Vetrarhátíð 2019

- **7.febrúar**

- Opnunarverk Vetrarhátíðar – Ljósainnsetningunni Passage verður varpað á Hallgrímskirkju.
- Follow the Vikings: Tvær sýningar um arfleið víkinga - ljós, dans og tónlist.
- Ljósaganga Vetrarhátíðar - Sex ljósainnsetningar mynda skemmtilega gönguleið í miðborg Reykjavíkur.

- **8.febrúar**
- Safnanótt 18:00-23:00
- North Atlantic Talks Opin málstofa á Kjarvalsstöðum á vegum. viðburðafyrirtækisins Curated Place um samstarfsmögu- leika listamanna, félagasamtaka og borga í N-Evrópu.

- **9.febrúar**
  Sundlauganótt 17:00-22:00
- Norðurljósahlaup 19:00

- **10.Febrúar**
- Á lokadegi Vetrarhátíðar er hægt að upplifa ljósainnsetninarnar sem hafa sett svip á miðborgina síðustu daga.



# Opnunaratriði



- 7. febrúar - 19:45
- Ljósainnsetningin  Passage eftir listahópinn Nocturnal frá Nýja Sjálandi.

# Second Litany - Boris Vitazek



# Museum of The Moon – Luke Jerram



# LJÓSAGANGA VETRARHÁTÍÐAR

## SÖFN OG SÝNINGAR Á SAFNANÓTT

**REYKJAVÍK**
- Árbæjarsafn
- Ásmundarsalur
- Borgarbókasafn Reykjavíkur, Grófin
- Borgarskjalasafn Reykjavíkur
- Dómkirkjan í Reykjavík
- Gallerí Fold
- Gallerí Korka
- Grafíksafn Íslands
- Grasagarður Reykjavíkur
- Hólavallakirkjugarður
- Kling og bang - Marshall húsið
- Landnámssýningin
- Leikminjasafn Íslands
- Listasafn Einars Jónssonar
- Listasafn Íslands
- Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafn
- Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús
- Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir
- Listasafn Sigurjóns Ólafssonar (í Laugardal)
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur
- Myndhöggvarafélagið í Reykjavík
- Myntsafn Seðlabankans og Þjóðminjasafns
- Náttúruminjasafn Íslands - Perlan
- Nýlistasafnið - Marshall húsið
- Perlan
- Pönksafnið
- Safn Ásgríms Jónssonar
- Sjóminjasafnið
- Sögusafnið
- Veröld - hús Vigdísar
- Wind and Weather Window Gallery
- Þjóðminjasafnið - Aðalsafn
- Þjóðminjasafnið - Safnahúsið
- Þjóðskjalasafn Íslands

**SELTJARNARNES**
- Bókasafn Seltjarnarness

**KÓPAVOGUR**
- Bókasafn Kópavogs
- Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs
- Héraðsskjalasafn Kópavogs
- Molinn - Menningarmiðstöð ungs fólks í Kóp.
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Salurinn
- Midpunkt Gallerý

**GARÐABÆR**
- Bessastaðir
- Bókasafn Garðabæjar
- Burstabærinn Krókur á Garðaholti
- Hönnunarsafn Íslands

**HAFNARFJÖRÐUR**
- Bókasafn Hafnarfjarðar
- Byggðasafn Hafnarfjarðar
- Hafnarborg

**MOSFELLSBÆR**
- Bókasafn Mosfellsbæjar
- Gljúfrasteinn
- Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar
- Listasalur Mosfellsbæjar




## LJÓSLISTAVERK VETRARHÁTÍÐAR SEM MYNDA GÖNGULEIÐ UM MIÐBORGINA

### PASSAGE

**HALLGRÍMSKIRKJA**

Verkið Passage eftir listamannahópinn Nocturnal frá Nýja-Sjálandi er unnið í samvinnu við listahátíðina List í ljósi. Verkinu verður varpað á Hallgrímskirkjuturn. Unnið er með íslenska arfleið og mun verkið vekja turninn til lífsins með mynd og hljóði. Nocturnal varpaði verkinu Ekkó á Safnahúsið á Vetrarhátíð 2018.

### MUSEUM OF THE MOON

**HARPA**

Museum of the Moon er listaverk eftir breska listamanninn Luke Jerram. Listaverkið, sem er sjö metrar í þvermál, er uppblásið tungl með nákvæmum háskerpumyndum frá NASA af yfirborði tunglsins. Skalinn á tunglinu er 1:500.000, þar sem hver sentimetri á upplýstri kúlunni samsvarar um fimm kílómetrum á yfirborði tunglsins. Inni í tunglinu er ljósabúnaður og mun það lýsa Hörpu upp að innan með fallegu tunglsljósi á kvöldin. Einnig mun ljósahjúpur Hörpu leika hlutverk með listaverkinu og setja svip sinn á upplifun gesta og þeirra sem ferðast fram hjá Hörpu. Skipuleggjendur: UTmessan, Ský og Háskóli Íslands.

### ALDA

**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR**

Verkið ALDA eftir íslensku myndlistarkonuna og tónskáldið Doddu Maggý er vídeó- og tónlistarverk innblásið af sameiginlegum goðsögnum hafsins meðal breskra og íslenskra sjómanna á árum áður. ALDA var unnið í samstarfi við Curated Place og NATUR verkefnið ásamt Háskólanum í Hull og Absolutely Cultured. Verkið var frumsýnt í Hull í desember 2018 sem hluti af hátíðinni Urban Legends, Northern Lights.

### TINY MASSIVE

**HÖRPUTORGI**

Ljósin í glerhjúpi Hörpu mynda í sameiningu risavaxinn skjá með mjög lágri upplausn. Hvernig getur skjár af þessu tagi gert upplifun fólks af borginni skemmtilegri? Um 60 ólík svör við þeirri spurningu verða til sýnis utan á Hörpu á Vetrarhátíð, gagnvirk verk, tölvuleikir og myndbönd frá fjöldamörgum löndum. Vegfarendur eru hvattir til að kíkja við í strætó sem lagt verður framan við húsið með útsýni yfir hjúpinn. Þar má hafa áhrif á skjáinn og fræðast um dagskrána sem er annars aðgengileg á tinymassive.io.

### SECOND LITANY

**LISTASAFN REYKJAVÍKUR GEIRSGÖTUMEGIN**

Boris Vitazek er listamaður frá Bratislava í Slóvakíu sem vinnur með samþættingu tækni, myndlistar og tónlistar. Verk hans Second Litany í samvinnu við Zuzana Sabova, er unnið með kortlagðri vörpun og sterkri þrívídd og tónlist. Verkið er unnið í samvinnu við ljósahátíðina List í Ljósi.

### DE:LUX

**LISTASAFN ÍSLANDS**

Hópur íslenskra og norskra listamanna kemur saman í Listasafni Íslands og vinnur nýtt verk á 48 tímum, innblásið af sögu og arkitektúr safnsins. Samspil ljósa og tónlistar verður í fyrirrúmi þegar verkinu verður varpað á framhlið þessarar sögufrægu byggingar. Einkofi Productions og Factory Light Festival í Noregi vinna ljósa- og tónlistarverkefnið sem er styrkt af Nordisk Kulturfond, Art Council Norway og Evrópsku menningaráætluninni.

VETRAR HÁTÍÐ

7.–10. FEBRÚAR '19

HLJÓÐX

REYKJAVÍK LOVES festivals

## SUNDLAUGANÓTT

Sundlauganótt verður haldin laugardaginn 9. febrúar. Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taka þátt. Alls verða tólf sundlaugar opnar frá kl. 17-22 og er aðgangur ókeypis. Uppákomur verða af margvíslegum toga og munu gestir fá að upplifa einstaka og óvenjulega kvöldstund í mögnuðu myrkri. Ljós, myrkur og gleði verða allsráðandi, þar sem gestir eru hvattir til að slaka á og njóta stundarinnar.

**NÁNAR Á VETRARHATID.IS**



## SAFNANÓTT

Safnanótt verður haldin föstudagskvöldið 8. febrúar en þá opna fjölmörg söfn dyr sínar og bjóða upp á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá frá kl. 18-23. Söfnin munu leggja áherslu á að bjóða upp á óhefðbundna viðburði þetta kvöld og veita þannig fastagestum nýja sýn á söfnin og laða að sér nýja. Íbúar og gestir borgarinnar á öllum aldri geta notið hennar fram eftir kvöldi sér að kostnaðarlausu. Frítt er í sérstakan Safnanæturstrætó á milli allra safnanna.

**NÁNAR Á VETRARHATID.IS**



**VETRARHÁTÍÐ VAR HALDIN Í FYRSTA SINN ÁRIÐ 2002. DAGSKRÁIN SAMANSTENDUR AF VIÐBURÐUM TENGDUM MENNINGU OG LISTUM. ÖLL SEX SVEITARFÉLÖGIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU TAKA ÞÁTT Í HÁTÍÐINNI OG LÝSA Í SAMEININGU UPP SKAMMDEGIÐ.**



## FÖSTUDAGUR
## 8. FEBRÚAR

**13:00 North Atlantic Talks**
Opin málstofa á Kjarvalsstöðum á vegum viðburðafyrirtækisins Curated Place um samstarfsmöguleika listamanna, félagasamtaka og borga í N-Evrópu.

**18–23 Safnanótt**
53 söfn og sýningar á höfuðborgarsvæðinu bjóða upp á skemmtilega dagskrá (sjá bakhlið). Frítt er í sérstakan Safnanæturstrætó sem ekur á milli safna.

**20:00** Ljóðaupplestur í Hólavallakirkjugarði.



## SUNNUDAGUR
## 10. FEBRÚAR

**19–23 Ljósaganga Vetrarhátíðar**
Vetrarhátíð lýkur eins og hún hófst með mögnuðum ljósainnsetningum sem lýsa upp skammdegið á skapandi hátt og mynda skemmtilega gönguleið (sjá bakhlið).





## FIMMTUDAGUR
## 7. FEBRÚAR

**19:45 Setning Vetrarhátíðar 2019**
Ljósainnsetningunni Passage verður varpað á Hallgrímskirkju. Víkingar ganga fylktu liði að Hafnarhúsinu.

**20:30 Follow the Vikings Road Show, Listasafn Reykjavíkur Hafnarhúsi**
Tvær sýningar um arfleið víkinga. Ljós, dans og tónlist. Seinni sýning kl. 22:00.

**20:00 Ljósaganga Vetrarhátíðar**
Sex ljósainnsetningar mynda gönguleið (sjá bakhlið).



## LAUGARDAGUR
## 9. FEBRÚAR

**17–22 Sundlauganótt**
Skemmtidagskrá í tólf sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu: Seltjarnarneslaug, Salalaug, Ásgarðslaug, Laugardalslaug, Sundhöll Reykjavíkur, Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Vesturbæjarlaug, Grafarvogslaug, Lágafellslaug, Ásvallalaug og Klébergslaug.

**19:00 Norðurljósahlaupið**
5 km hlaupaupplifun um miðbæ Reykjavíkur. Taktur og ljós vísa veginn.



## SAFNANÆTUR-STRÆTÓ

Á Safnanótt mun Strætó aka sérferðir í tengslum við Safnanótt frá kl. 18–23.

Leið A Kjarvalsstaðir - Skólavörðuholt - Miðbær - Seltjarnarnes - Grandi - Hlemmur

Leið B Kjarvalsstaðir - Hamraborg - Garðabær - Álftanes - Hafnarfjörður

Leið C Kjarvalsstaðir - Perlan - Laugarnes - Laugardalur - Árbæjarsafn

Leið D Árbæjarsafn - Mosfellsbær - Gljúfrasteinn

**NÁNAR Á VETRARHATID.IS**

# Safnanótt

- ***Safnanótt*** verður haldin föstudaginn 8.febrúar frá kl. 18:00-23:00. Þátttökusöfnin eru 53 í 6 sveitafélögum höfuðborgarsvæðisins.
- Á Safnanótt ferðast yfir 20.000 manns á milli safna á höfuðborgarsvæðinu.
- Áherslur Safnanætur eru fjölskyldufólk og ungt fólk á aldrinum 16-25 ára, sem er sá hópur sem sjaldnast sækir söfn.
- Strætó bs býður upp á Safnanæturstrætó -fríar ferðir á milli safna.



# Sundlauganótt

- ***Sundlauganótt*** verður haldin laugardaginn 9. febrúar.
- Opnunartími lauganna er kl. 17:00 – 22:00
- Öll sveitafélögin á Höfuðborgarsvæðinu taka þátt.
- Frítt í sund og ýmsir listviðburðir sem sum staðar tengjast íbúum viðkomandi hverfis/sveitarfélags.



# VETRAR HÁTÍÐ

7.- 10. FEBRÚAR '19



## 7. febrúar



### VERSATILE UPRISING – CLAIRE PAUGAM OG…



### SAGATID - NUTID



### FYRSTU KYNNI. GRÆNLENDINGAR Á…

# Ýmsar byggingar lýstar upp með litum Vetrarhátíðar









# Vetrarhátíð 2019

- Miðlægur kostnaður Vetrarhátíðar er kr. 6.800.000
  - – kostnaður vegna ljósaverka
  - – kynningarkostnaður
- Öll söfn og sundlaugar sem taka þátt kosta sjálf sína viðburði.
- HljóðX er helsti samstarfsaðili hátíðarinnar og veita tæki og þjónustu að virði 2 milljónir.

# Vetrarhátíð 2019

Takk fyrir og sjáumst á Vetrarhátíð!